

Skýrsla stjórnar 2020

Vatns- og fráveitufélag Íslands (VAFRÍ) var stofnað 17. apríl 2009. Stofnfélagar voru þá 41 talsins. Félagar eru nú 170 talsins.

Helstu markmið félagsins eru að stuðla að öruggum vatnsveitum, bættum vatnsgæðum og vistvænum fráveitum. Félagið vill auka þekkingu á vatns- og fráveitumálum með markvissum hætti og miðla reynslu til fagaðila og almennings.

Í stjórn VAFRÍ sátu áfram seinni hluta kjörtímabils síns Hrund Ó. Andradóttir (formaður, prófessor HÍ), Íris Þórarinsdóttir (gjaldkeri, tæknistjóri fráveitu Veitna), Þorsteinn Narfason (ritari, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis) og Baldur Dýrfjörð (meðstjórnandi, lögfræðingur Samtaka orku- og veitufyrirtækja á Íslandi, Samorku). Ný í stjórn kom Anna Heiður Eydísardóttir (meðstjórnandi, umhverfisverkfræðingur hjá Eflu verkfræðistofu). Arndísi Ósk Ólafsdóttur var þakkað fyrir störf í þágu félagsins.

Á árinu 2019-2020 var helst á baugi hjá félaginu:

1. Vatns- og fráveitur á tímum hnattrænnar hlýnunar
2. Framtíðarsýn í veitumálum
3. Störf félagsins á óvissutímum
4. Önnur mál
5. Innheimta félagsgjalda

1. Vatns- og fráveitur á tímum hnattrænnar hlýnunar

Eftir síðasta aðalfund var haldin málstofa í anda sjónvarpspáttanna "*Hvað getum við gert*". Sandra Rán Ásgrímsdóttir, sjálfbærni verkfræðingur hjá Mannviti, ræddi um hlutverk vatns- og fráveitna í sjálfbærum borgum og samfélögum. Fjóla Jóhannesdóttir, fagstjóri fráveitu hjá Veitum, talaði um áskoranir fráveitu vegna aðlögunar að loftslagsbreytingum. Þá talaði María J. Gunnarsdóttir, sérfræðingur hjá Vatnaverkfræðistofu Háskóla Íslands, um rannsókn sína um áhrif loftslagsbreytinga á vatnsveitur sem í kjölfarið birtist í Verktækni, fagtímariti Verkfræðingafélags Íslands í lok árs.

Um 40 félagsmenn sóttu fundinn. Mannvit er þakkað fyrir góðar móttökur og ljúffengan hádegisverð.

2. Framtíðarsýn í veitumálum

Haldin var eftirmiðdagsmálstofa undir yfirskriftinni „*nýtt á döfinni*“ um miðjan nóvember í nýjum húsakynnum Eflu að Lynghálsl. Ragnhildur Gunnarsdóttir, umhverfisverkfræðingur hjá Eflu, kynnti stöðu og álag mismunandi innviða sem var greint í nýafstöðnu verkefni *Jafnvægisás ferðamála*. Garðar Gíslason,

sérfræðingur snjallkerfa hjá Veitum, kynnti tilraunaverkefni um nýjar, snjallar mæli- og samskiptalausnir fyrir sjálfvirktt eftirlit með vatnsveitukerfum. Hlöðver Stefán Þorgeirsson, sérfræðingur í fráveitu og nýsköpun og tækniþróun hjá Veitum, kynnti stefnu Veitna um að fullnýta möguleika fráveitunnar til orku- og verðmætasköpunar. Eflu er þakkað fyrir góðar móttökur og ljúffengar veitingar.

3. Störf félagsins á óvissutímum

Ekki er hægt að segja annað en að árið 2020 hafi byrjað með látum. Mikil jarðskjálftavirkni á Reykjanesskaga vöktu spurningar um áhrif eldsumbrota (ef til þeirra kæmi) á vatns- og fráveitur á suðvesturhorni landsins þar sem þorri Íslendinga búa. Undirbúningur málstofu um viðfangsefnið var komið á skrið í febrúar og til stóð að halda aðalfund í apríl samhliða málstofunni. Þegar ljóst var að samkomur væru enn takmarkaðar vegna COVID veirunnar í byrjun maí ákvað stjórn VAFRÍ að falla frá þessum hugmyndum. Í stað þess var ákveðið að halda fjar-aðalfund, og kynna félagsmönnum fyrirkomulag þess með góðum fyrirvara. Þá var tímasetning fundarins tengd við vörn Meistaraverkefnis við Háskóla Íslands þar sem rannsakaðir voru möguleikar himnutækni til að hreinsa skólp með miklum árstíðabundnum sveiflum í magni og styrkleika, eins og oft gerist á Íslandi. Tilraunir fóru fram í Nanyang Tækniháskólanum í Singapore á vegum Bing Wu, dósents við Háskóla Íslands. Með fundarboði aðalfundar var send slóð á meistaravörðina sem hefst kl. 13:30 og hvetjum við áhugasama til að fylgjast með. Einnig voru áform um skoðunarferð í vatnsból á höfuðborgarsvæðinu sem verður sett á bið.

Þema Dags Vatnsins þann 22. Mars var vatn og loftslag. Skilaboðin í ár voru þrenn: *Við megum engan tíma missa; Vatn er til varnar loftslagsbreytingu; Það verða allir að leggja hönd á plóginn* – því dropinn holar steininn. Stjórn VAFRÍ leitaði til annarra félaga varðandi hvernig mætti vekja athygli á málstaðinum. Fallið var frá viðburði og þess í stað birtist frétt á vegum Veðurstofu Íslands í samvinnu við íslensku vatnafræðinefndina og slagorðum dagsins var deilt á fésbókarsíðu VAFRÍ.

Á meðan COVID geysar hefur ýmislegt tengt störfum félagsins ratað í fréttamiðla, sem deilt hefur verið á fésbókarsíðu og vefsíðu félagsins vafri.hi.is. Mikil blautklútanotkun almennings gerðu til að mynda skólphreinsistöðina í Klettagörðum óstarfhæfa í mars. Mikið fjaðrafok varð þegar forseti Bandaríkjanna velti því fyrir sér hvort hægt væri að beita sömu sóttvörnum innan líkamans eins og utan, þ.e. með sóttthreinsivökva og geislun.

Nokkrar rannsóknir hafa varað við mögulegu úðasmiti frá fráveituvatni. Alþjóðlega Heilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur hins vegar ekki rakið nein COVID smit til fráveitukerfa utan lóðar. Smit í fjölbýlishúsum voru hins vegar rakin til lélegs frágangs fráveitulagna innanhúss og illa hannaðs loftræstikerfis í SARS faraldrinum 2003. WHO mælir því með að COVID sjúklingar noti eigið salerni, að passað sé að ekki myndist úði frá klósettinu þegar sturtað er niður með því að loka klósettskálinni.

Rannsóknateymi í Hollandi, Ástralíu, París og Kaupmannahöfn staðfesta að COVID veiran greinist í fráveituvatni. Þannig má hafa eftirlit og vara við smitum í samfélögum með skólpmælingum, eins og þegar hefur reynst vel með polovírus. Hvað varðar örlög ósótthreinsaðs fráveituvatns í viðtaka þá telja sérfræðingarnir sem stjórn VAFRÍ ráðfærði sig við að sú smitleið sé ólíkleg miðað við núverandi upplýsingar. Til að sýkjast þarf að anda að sér úða með veirunni, og meðan fráveituvatni er dælt langt út á sjó eru líkur á slíku úðasmiti litlar. Þeir sem eru líklegastir til að anda að sér úða fráveituvatns eru starfsmenn veitufyrirtækja, en WHO mælir ekki með sérstökum varúðarráðstöfunum vegna COVID.

4. Önnur mál

Erindi: Málræktarsjóður styrkti verkefni um að safna íðorðum um fráveitur og stjórn VAFRÍ tilnefndi Baldur Dýrfjörð sem tengilið. Þá barst fyrirspurn um hvernig megi best standa að skólphreinsun frá rekstraraðila sem rataði inná vefsíðu félagsins.

Samfélags- og vefmiðlun: Unnið hefur verið að því að uppfæra vefsíðu félagsins. Í þessu samhengi voru teknar saman rannsóknir og skilaboð heilbrigðis- og umhverfisyfirvalda um COVID í fráveituvatni. Þá hafa fréttum verið deilt og umræður átt sér stað á fésbókarsíðu félagsins. Stjórnin þakkar félagsmönnum fyrir þátttökuna á samfélagsmiðlum og hvetur þá til að halda áfram að deila áhugaverðu efni.

5. Innheimta félagsgjalda

Innheimta félagsgjalda hófst 11. maí 2020. Greiðsluseðlar hafa verið sendir til 16 aðildarfyrirtækja sem greiða aðild fyrir um 123 félagsmenn. Í félagsskrá eru um 170 einstaklingar.

Dags. 27 maí 2020